

Nd.

285. Breytingartillaga

[10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjarfoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.
4. Að ráðast í áætlanir og framkvæmdir til þess að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinum nýju stórvirkjunum verði notað til hitunar húsa.

Nú tekst ekki nægilega snemma að tryggja eðlilegt sambengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar, og er Landsvirkjun þá heimilt að reisa allt að 30 MW raforkuver í Brúará við Efstadal.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkvæmt 1. mgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.